

107

8. júní

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: Sóknarnefnd Skagastrandarkirkju og prestur sóknarinnar. Þeir hafa umsjón með öllum fjárreiðum hans og annast greiðslur eftir fyrirætlum skipulagsskrárinnar.

Þeir halda þessar bækur:

1. Reikningsbók, og sé í hana færðir árlegir reikningar yfir eignir, tekjur og gjöld, og ársreikningur sjóðsins.
2. Gerðabók, þar sem skráðar séu allar fundargerðir sjóðsstjórnarinnar og ákvæði áhrærandi það fé, sem úr honum er greitt. Í gerðabókina skal skipulagsskráin jafnan innfærð.

9. gr.

Endurskoðun ársreikninga sjóðsins skal framkvæmd af prófasti Austur-Húnavatnsprófastsdæmis, og sér hann um að reikningar sjóðsins séu birtir í Lögbirtingablaðinu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

108

8. júní

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Námsjóð hjónanna Erlends Björnssonar og Maríu Sveinsdóttur á Breiðabólssstöðum, Álftanesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júní 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir námsjóð hjónanna Erlends Björnssonar og Maríu Sveinsdóttur á Breiðabólssstöðum, Álftanesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir námsjóður hjónanna Erlends Björnssonar og Maríu Sveinsdóttur á Breiðabólssstöðum, Álftanesi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4380 — fjögur þúsund þrjú hundruð og áttatíu krónur —, og er hann stofnaður í tilefni af áttaræðisafmæli Erlends Björnssonar hreppstjóra 3. nóv. 1944 af eftirtöldum 18 bændum í Bessastaðahreppi.

Arngrími Bergmann, Landakoti, Árna Gunnlaugssyni, Brekku, Bertel Andrésyni, Sveinskoti, Eyþór Stefánssyni, Akurgerði, Gunnari Stefánssyni, Norður-Eyvindarstöðum, Jóni Diðrikssyni, Bjarnastöðum, Jóni Inga Eyjólfssyni, Sviðholti, Karítas Skarphéðinsdóttir, Tröð, Klemenzi Jónssyni, Vestri-Skógtjörn, Markúsi Einarssyni, Bessastöðum, Ólafi Árnasyni, Deild, Ólafi Bjarnasyni, Gesthúsum, Ólafi Jónssyni, Akrakoti, Sigurði Ásmundssyni, Kirkjubrú, Skarphéðni Eliassyni, Tröð, Sófusi Ólafssyni, Landakoti, Stefáni Jónssyni, Eyvindarstöðum, Sæmundi Arngrímsyni, Landakoti.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega unglunga í Bessastaðahreppi til einhvers konar framhaldsnáms, enda hafi þeir lokið fullnaðarprófi við barnaskólann í hreppnum og hafi þá verið á framfærslu einhvers hreppsúa. Verði breytingar

gerðar á hreppsmörkunum, skal engu að síður í þessu sambandi miðað við núverandi hreppsmörk. 108  
8. júní

## 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir lagðir við höfuðstól.
- b. Gjafir og áheit, sem honum kunna að hlotnast.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn: Oddviti hreppsnefndar, sem er formaður stjórnarinnar, formaður skólanefndar og sóknarprestur. Ef sami maður gegnir tveim af þeim störfum, er greind voru, tilnefni skólanefnd mann í hið auða sæti.

## 6. gr.

Stjórnarnefnd annast styrkveitingar úr sjóðnum og annað honum viðvíkjandi. Hún heldur gerðabók, er hún ritar í styrkveitingar og aðrar framkvæmdir sínar í þágu sjóðsins. Formaður stjórnarnefndar annast reikningshald sjóðsins og sendir reikninga hans, ásamt hreppsreikningum, sýslunefnd Gullbringusýslu til athugunar og samþykktar.

## 7. gr.

Ekki kemur til úthlutunar úr sjóðnum, fyrr en stjórnarnefndin ákveður. Aldrei má úthluta meira í einu en  $\frac{3}{4}$  hlutum ársvaxtanna, en afgangurinn leggist við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

## 8. gr.

Höfuðstól sjóðsins, eins og hann er á hverjum tíma, skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands eða annarri jafntryggri lánsstofnun.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

frá fjármálaráðuneytinu, er varðar innheimtu á veitingaskatti.

109

9. júní

Samkvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, sem um getur í 2. gr. laga nr. 99 1933 skuli, þar til öðru vísi verður ákveðið, vera kr. 6.00 frá og með 1. júlí þ. á. að telja.

*Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1945.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

Einar Bjarnason.